

Persónuverndarstefna Festu lífeyrissjóðs

1. Almennt

Festa lífeyrissjóður (einnig vísað til „sjóðsins“) móttækur, varðveitir og ávaxtar iðgjöld og greiðir lífeyri. Jafnframt veitir sjóðurinn sjóðfélögum lán gegn veði í íbúðarhúsnæði. Til þess að gera sinnt hlutverki sínu þarf sjóðurinn að hafa aðgang að persónuupplýsingum sjóðfélaga sinna. Sjóðurinn vinnur jafnframt með persónuupplýsingar starfsfólks síns til að efna ráðningarsamninga ásamt því að vinna með persónuupplýsingar umsækjenda um starf. Persónuverndarstefna sjóðsins nær til vinnslu persónuupplýsinga í allri starfsemi sjóðsins og allra sjóðfélaga og annarra einstaklinga sem eiga í samskiptum eða viðskiptum við sjóðinn. Sjóðurinn telst ábyrgðaraðili þeirra gagna sem unnið er með í starfsemi hans.

Sjóðurinn hefur einsett sér að tryggja áreiðanleika, trúnað og öryggi framangreindra persónuupplýsinga og leggur áherslu á örugga meðhöndlun þeirra og gerir viðeigandi ráðstafanir til þess að vernda þær.

Persónuverndarstefnu þessari er ætlað að upplýsa sjóðfélaga og aðra haghafa um hvaða persónuupplýsingar sjóðurinn safnar, með hvaða hætti slíkar persónuupplýsingar eru nýttar og hverjir fá aðgang að upplýsingunum.

Vakin er athygli á því að frekari fræðslu um meðferð persónuupplýsinga kann að vera að finna í tilteknum samningseyðublöðum eða skilmálum og þá með tilfallandi upplýsingagjöf.

2. Persónuupplýsingar

Persónuupplýsingar í skilningi stefnu þessarar eru hvers kyns upplýsingar um persónugreindan eða persónugreinanlegan einstakling, þ.e. upplýsingar sem hægt er að rekja beint eða óbeint til ákveðins einstaklings. Gögn sem eru ópersónugreinanleg teljast ekki persónuupplýsingar.

3. Meðferð persónuupplýsinga hjá sjóðnum

Sjóðurinn leggur ríka áherslu á að persónuupplýsingar séu fengnar í yfirlýstum, skýrum og málefnalegum tilgangi. Þá leitast sjóðurinn einnig við að fylgja í hvívetna við þá persónuverndarlöggjöf sem er í gildi hverju sinni og er stefna þessi byggð á lögum nr. 90/2018 um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga (hér eftir „**persónuverndarlög**“), en sú löggjöf er byggð á persónuverndarlöggjöf Evrópusambandsins (GDPR). Reynt er eftir fremsta megni að fræða starfsfólk sjóðsins um málefni persónuverndar ef tilefni telst til, s.s. með því að kynna þeim stefnu þessa við upphaf starfa hjá sjóðnum sem og ef breytingar verða á henni og/eða lögum sem varða persónuvernd.

Sjóðurinn vinnur einungis persónuupplýsingar sjóðfélaga, starfsmanna og umsækjenda um starf á grundvelli samþykkis og/eða lagaheimilda og eru upplýsingarnar eingöngu nýttar til þess að hægt sé að veita þeim þá þjónustu sem sjóðurinn veitir og í þeim tilgangi sem þeim er ætlað.

Lögmæti vinnslu persónuupplýsinga hjá sjóðnum byggir m.a. á 18. gr. laga um lífeyrissjóði nr. 129/1997 en þar er að finna heimild lífeyrissjóða til að vinna með persónuupplýsingar. Þá byggir lögmæti vinnslu persónuupplýsinga vegna lánsúmsókna fyrst og fremst á samþykki umsækjenda og heimildum í lögum um fasteignalán til neytenda nr. 118/2016 og reglugerð nr. 270/2017.

Lögmæti vinnslu persónuupplýsinga starfsumsækjenda byggir á samþykki þeirra, sem felst í starfsumsókn. Loks byggir vinnsla persónuupplýsinga starfsfólks á ráðningarsamningi en sjóðnum er nauðsynlegt að vinna með persónuupplýsingar þeirra til að efna samning sem einstaklingurinn er aðili að.

3.1. Persónuupplýsingar vegna lífeyrisþega

Til að tryggja að hver og einn fái lífeyri verður lífeyrissjóðurinn að hafa aðgang að persónuupplýsingum sem auðkenna einstaklinga á öruggan máta. Sjóðfélagar ávinna sér rétt að eftirlaunum til æviloka auk örorkulífeyris, makalífeyris og barnalífeyris. Ólíkum persónuupplýsingum kann að vera safnað um ólíka lífeyrisþega og kann vinnsla og söfnun á persónuupplýsingum að fara eftir eðli viðfangsefnis hverju sinni. Eftirfarandi eru dæmi um upplýsingar sem sjóðurinn safnar um lífeyrisþega sína.

- Samskiptaupplýsingar, s.s. nafn, kennitala, heimilisfang, þjóðerni, kyn, símanúmer og tölvupóstfang.
- Upplýsingar um bankareikning.
- Upplýsingar um stéttarfélagsaðild.
- Upplýsingar um skattþrep og nýtingu persónuafsláttar.
- Upplýsingar um réttindi í öðrum sjóðum.
- Upplýsingar um launatekjur.
- Upplýsingar um skattframtal.
- Upplýsingar um starfsferil/iðgjaldasögu.
- Lífvottorð.
- Læknisvottorð og örorkumöt.
- Dánarvottorð, hjúskaparvottorð eða yfirlit um framvindu skipta.
- Fæðingavottorð barna.

3.2. Persónuupplýsingar vegna iðgjaldagreiðenda

Sjóðurinn móttækur iðgjöld frá launagreiðendum. Launagreiðendur sjóðfélaga senda sjóðnum skilagreinar sem veita upplýsingar um greidd iðgjöld til sjóðsins. Persónuupplýsingar sem sjóðurinn aflar vegna þess eru m.a.:

- Samskiptaupplýsingar, s.s. nafn, kennitala, heimilisfang, þjóðerni, kyn, símanúmer og tölvupóstfang.
- Upplýsingar um iðgjald launþega.
- Upplýsingar um mótframlag launagreiðanda.
- Framlög til stéttarfélags.
- Framlög í sjúkrasjóð.
- Framlög í orlofsheimilassjóð.
- Framlög í starfsmenntassjóð.
- Framlög í endurhæfingarsjóð.

3.3. Persónuupplýsingar vegna sjóðfélagalána

Sjóðurinn býður sjóðfélögum sínum lán gegn veði í íbúðarhúsnaði á grundvelli lánareglna sjóðsins hverju sinni. Sjóðurinn safnar og varðveitir ýmsar persónuupplýsingar um lántakendur sína og þá fasteign sem áætlað er að veita veð í. Eftirfarandi eru dæmi um upplýsingar sem sjóðurinn safnar um lántakendur sína:

- Samskiptaupplýsingar, s.s. nafn, kennitala, heimilisfang, þjóðerni, kyn, símanúmer og tölvupóstfang.
- Staðfesting á að viðkomandi sé sjóðfélagi.
- Afrit af skilríkjum eða rafræn skilríki.

- Upplýsingar um bankareikning.
- Upplýsingar um hjúskaparstöðu.
- Upplýsingar um veðstað.
- Greiðslumat.
 - Upplýsingar um eignastöðu.
 - Upplýsingar um skuldastöðu.
 - Upplýsingar um veðstöðu.
 - Tekjuupplýsingar.
 - Skattaupplýsingar.
 - Upplýsingar um fjölskylduhagi.
- Upplýsingar úr vanskilaskrá.

3.4. Persónuupplýsingar vegna rekstur sjóðsins

Í daglegum rekstri sjóðsins er unnið með persónuupplýsingar. Þörf er á vinnslu persónuupplýsinga vegna launavinnslu, ráðningu starfsfólks, vinnu tryggingastærðfræðinga og annarra sérfræðinga. Eftirfarandi eru dæmi um persónuupplýsingar sem sjóðurinn safnar vegna reksturs sjóðsins.

- Samskiptaupplýsingar, s.s. nafn, kennitala, heimilisfang, þjóðerni, kyn, símanúmer og tölvupóstfang.
- Innri endurskoðun.
- Starfsumsóknir og meðmæli.
- Upplýsingar úr starfsviðtölum.
- Upplýsingar um menntun, þjálfun og starfsreynslu.
- Upplýsingar vegna ráðningarsamninga og launavinnslu.
- Upplýsingar um sjóðfélaga vegna vinnu tryggingastærðfræðinga og annarra sérfræðinga.

Auk framangreindra upplýsinga, kann sjóðurinn einnig að safna og vinna aðrar upplýsingar sem lífeyrisþegar, starfsmenn og umsækjendur um starf láta sjóðnum sjálfir í té, svo sem upplýsingar sem eru sjóðnum nauðsynlegar vegna starfsemi hans.

Að meginstefnu til aflar sjóðurinn persónuupplýsinga beint frá aðilanum sjálfum. Þó kann sjóðurinn að vinna persónuupplýsingar sem eru aðgengilegar almenningi, t.d. í þeim tilgangi að halda lista yfir þá aðila sem gegna háttsettum opinberum störfum í skilningi laga nr. 140/2018 um aðgerðir gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverka. Þá kann sjóðurinn einnig að óska eftir upplýsingum frá umsagnaraðilum tilgreindum í starfsumsókn í tilfelli umsækjenda um starf að undangengnu samþykki umsækjanda.

Upplýsinga er jafnframt aflað úr Þjóðskrá og nafnaskrá lífeyrissjóða þar sem lífeyrissjóðir landsins geta sótt upplýsingar varðandi hvaða lífeyrissjóði sjóðfélagar hafa greitt í. Þá er upplýsinga aflað frá trúnaðarlæknum vegna umsókna um örorkulífeyri.

4. Miðlun persónuupplýsinga

Sjóðurinn kann að miðla persónuupplýsingum um sjóðfélaga til þriðju aðila sem veita sjóðnum upplýsingatækniþjónustu eða aðra þjónustu sem nauðsynleg er fyrir rekstur sjóðsins. Í slíkum tilfellum fer miðlun fram á grundvelli vinnslusamnings. Sjóðurinn selur þó ekki eða veitir þriðja aðila aðgang að persónuupplýsingum gegn gjaldi. Eftirfarandi eru dæmi um miðlun persónuupplýsinga til þriðju aðila:

- Trúnaðarlæknar.
- Tryggingastærðfræðingar.
- Upplýsingatæknipjónusta.
- Endurskoðendur.
- Innheimtuaðilar.
- Ráðningaskrifstofur.

Rafrænar upplýsingar sem aflað er eru að jafnaði unnar og vistaðar innan Evrópska efnahagssvæðisins þó kann að vera að þriðju aðilar sem veita sjóðnum þjónustu séu staðsettir utan Íslands. Sjóðurinn miðlar ekki og mun ekki miðla persónuupplýsingum utan Evrópska efnahagssvæðisins nema slíkt sé heimilt á grundvelli viðeigandi persónuverndarlöggjafar, s.s. á grundvelli staðlaðra samningsskilmála, samþykki eða auglýsingar Persónuverndar um ríki sem veita persónuupplýsingum fullnægjandi vernd. Upplýsingar á pappíriformi eru varðveittar á Íslandi.

Sjóðurinn afhendir ekki persónuupplýsingar án þess að honum sé það heimilt eða jafnvel skylt samkvæmt lögum, t.a.m. til opinberra aðila eða annarra aðila sem hafa heimildir samkvæmt lögum til að móttaka slíkar upplýsingar. Einnig kann persónuupplýsingum að vera miðlað til þriðja aðila til að bregðast við löglegum aðgerðum.

Þá miðlar sjóðurinn jafnframt upplýsingum um sjóðfélaga til annarra lífeyrissjóða, t.d. þegar sjóðfélagi á réttindi í fleiri en einum sjóði og óskar eftir að hefja töku lífeyris. Jafnframt miðlar sjóðurinn upplýsingum um réttindi til Tryggingastofnunar ríkisins. Framsending gagna og umsókna á sér stað á grundvelli laga um lífeyrissjóði og/eða samkvæmt samþykki viðkomandi sjóðfélaga.

5. Varðveisla persónuupplýsinga

Gögn eru geymd eins lengi og þörf er á er miðað við tilgang vinnslu og skilmála samninga, nema annað sé heimilt eða skylt samkvæmt lögum og reglum. Varðveislutími persónuupplýsinga er ólíkur eftir tilgangi að hverju sinni. Upplýsingar vegna lífeyrisréttinda eru geymdar svo lengi sem sjóðfélagi og tengdir aðilar eiga virk réttindi hjá sjóðnum. Gögn vegna lánaumsókna eru geymd út líftíma lánsins og svo lengi sem lög kveða á um. Upplýsingar um iðgjaldagreiðslur vegna lífeyris eru varðveittar ótímabundið. Jafnframt eru gögn geymd ef slíkt er skylt á grundvelli laga eða reglna stjórnvalda sem sjóðurinn starfar eftir.

6. Réttindi sjóðfélaga

6.1. Réttur til aðgangs og flutninga

Sjóðfélagi á rétt á því að fá upplýsingar um hvort verið sé að vinna persónuupplýsingar er varða hann og ef svo er fá aðgang að þeim upplýsingum sem og um vinnsluna. Þá kann sjóðfélagi einnig að eiga rétt á að fá afrit af persónuupplýsingum um sig. Jafnframt hafa sjóðfélagar við ákveðnar aðstæður rétt til þess að óska eftir því að upplýsingar séu sendar öðrum þjónustuveitendum.

Hafa ber í huga að aðgangur sjóðfélaga að persónuupplýsingum sem sjóðurinn varðveitir er ekki fortakslaus. Ef upp koma aðstæður þar sem lög eða reglur, sem og réttindi annarra, koma í veg fyrir að sjóðurinn geti veitt umbeðnar upplýsingar mun sjóðurinn leitast við að útskýra hvers vegna beiðni hefur verið hafnað, þó með tilliti til takmarkana á grundvelli lagaskyldu.

Sjóðfélögum er vinsamlegast bent á að beina öllum aðgangsbeyðnum til persónuverndarfulltrúa sjóðsins, sem getur einnig veitt frekari upplýsingar um rétt sjóðfélaga.

6.2. Réttur til leiðréttingar

Mikilvægt er að persónuupplýsingar um sjóðfélaga séu bæði réttar og viðeigandi. Sjóðfélagi hefur rétt til að óska eftir því að rangar persónuupplýsingar um hann verði leiðréttaðar séu þær rangar eða ef þær hafa breyst.

Sjóðfélögum er bent á að hafa samband við persónuverndarfulltrúa sjóðsins með frekari upplýsingum og rökstuðningi, vegna beiðna um uppfærslur, svo hægt sé að leggja mat á það hvort og með hvaða hætti leiðrétta beri upplýsingar.

6.3. Réttur til takmörkunar á vinnslu og eyðingar

Í ákveðnum tilvikum getur sjóðfélagi átt rétt til þess að óska eftir takmörkun á vinnslu, t.a.m. ef sjóðfélagi vefengir að persónuupplýsingar séu réttar eða telur vinnsluna vera ólöglega.

Jafnframt getur sjóðfélagi í ákveðnum tilfellum farið fram á að persónuupplýsingum um hann verði eytt, t.a.m. á grundvelli þess að persónuupplýsingar séu ekki lengur nauðsynlegar fyrir vinnslu, upplýst samþykki hafi verið afturkallað eða vegna skorts á lögmætum grundvelli.

Réttur sjóðfélaga til takmörkunar og eyðingar persónuupplýsinga er hins vegar ekki fortakslaus. Þannig kunna lög eða reglugerðir að heimila eða skylda sjóðinn til að hafna ósk um takmörkun eða eyðingu persónuupplýsinga.

Sjóðfélögum er vinsamlegast bent á að beina öllum óskum um eyðingu og/eða takmörkun vinnslu til persónuverndarfulltrúa sjóðsins, sem getur einnig veitt frekari upplýsingar um rétt sjóðfélaga.

7. Öryggi persónuupplýsinga

Sjóðurinn leitast við að grípa til viðeigandi tæknilegra og skipulegra öryggisráðstafana til að vernda persónuupplýsingar gegn því að þær glatist eða breytist fyrir slysi. Þessum ráðstöfunum er ætlað að koma í veg fyrir óleyfilegan aðgang að kerfum sjóðsins þar sem persónuupplýsingar eru geymdar.

Vakin er athygli á því að sending persónugreinanlegra gagna til til sjóðsins með tölvupósti telst ekki öruggur sendingarmáti og gera sjóðfélagar það á eigin ábyrgð. Hægt er að senda gögn til sjóðsins með öruggum hætti með því að hafa samband við starfsfólk sjóðsins.

8. Samskiptaupplýsingar

Hafi sjóðfélagi einhverjar spurningar vegna persónuverndarstefnu þessarar eða hvernig farið er með persónuupplýsingar hjá sjóðnum, skal hann hafa samband við persónuverndarfulltrúa sjóðsins sem mun leitast við að svara fyrirspurnum og leiðbeina sjóðfélögum um réttindi þeirra samkvæmt persónuverndarstefnu sjóðsins.

Sjóðurinn hefur tilnefnt persónuverndarfulltrúa til að hafa umsjón með eftirfylgni persónuverndarstefnu sjóðsins. Hér að neðan má finna samskiptaupplýsingar hans:

Gauti Jónasson
gauti@festa.is

Heimilisfang Festu lífeyrissjóðs vegna bréfpósts.

Festa lífeyrissjóður
Krossmói 4a,
260 Reykjanesbær

Ef sjóðfélagi er ósáttur við vinnslu sjóðsins á persónuupplýsingum hans getur hann sent erindi til Persónuverndar – www.personuvernd.is.

9. Endurskoðun á persónuverndarstefnu

Sjóðurinn áskilur sér rétt til þess að breyta þessari persónuverndarstefnu hvenær sem er. Slíkar breytingar geta haft þann tilgang að samræma persónuverndarstefnu ákvæðum gildandi laga og reglna er varða persónuvernd að hverju sinni.

Verði gerðar breytingar á persónuverndarstefnu þessari er sjóðfélögum tilkynnt um það á vef sjóðsins þar sem verður að finna hlekk á uppfærða útgáfu af stefnunni. Allar breytingar sem kunna að verða gerðar á stefnunni taka gildi við samþykki stjórnar sjóðsins.

Þannig samþykkt á stjórnarfundum 17. nóvember 2023